

6. fundur Stjórnarfundur foreldrafélags Réttó - 05.02.2019

Mættir eru: Ingunn Mary, Björk, Gunnhildur, Guðrún, Kári, Hildur, Elísa, Sigrún, Jóhann Gunnar, Áslaug,

Dagskrá:

- Betri bústaðir – þátttaka okkar í samstarfinu
- Spilakvöld
- Foreldrarölt
- Vor fyrirlestur – hvað ætlum við að fá og hverjir vilja taka það að sér
- Árshátíð í mars
- Annað

Efni fundarins

Betri bústaðir:

- Tillaga að við tökum þátt í því verkefni. Allir búnir að samþykkja að taka þátt, Breiðagerðisskóli, Fossvogsskóli, en ekki við. Óskað er eftir aðkomu okkar að þessu verkefni.
- Um er að ræða Samstarf skóla, foreldrafélaga, skátafélaga, Víkings og félagsmiðstöðva og þjónustumiðstöðvar. Samstarf til að skapa samhljóm milli skóla. Áhugi fyrir að allir séu að tala sama rómi og fjalli um sömu mál. Viljum einnig aðferð til að koma sömu skilaboðum til allra. Í kjölfar niðurstaðna úr könnun frá Rannsókn og greiningu eru börnin farin að fara seinna að sofa, eru lengur úti á kvöldin, drekka meira af orkudrykkjum og veipa meira. Áhugi fyrir því að við séum með sameiginlegan viðburð þar sem fjallað verði um þessi málefni og allir verði samhuga. Fyrsti viðburður yrði svefn. Verið rætt um að verði verið með starfsemi í skólanum og að það verði vakning í samfélaginu fyrir þessum vandamálum. Búið er að búa til nefnd um málið og verður fundað 2 vikna fresti. Við höldum áfram að hafa okkar vor og haust fyrirlestur en sleppum því að taka fyrir þau málefni sem koma fram á þessum vettvangi. Stjórnin samþykkir þátttöku í verkefninu.

Spilakvöld:

- Búið að ræða við spilavini um aðkomu og er undirbúningur hafinn. Jóhann Gunnar staðfesti að þetta skarast ekki á við þekkta viðburði. Tillaga að halda spilakvöld með foreldrum og börnum á miðvikudeginum 20. febrúar nk.

Foreldrarölt:

- Ball núna í vikunni, á miðvikudaginn. Verður auglýst foreldrarölt á Facebook í kvöld.

Vorfyrirlestur:

- Vantar þátttakendur til að sjá um fyrirlestur að vori og eins með að koma með hugmyndir og tímasetningu. Fyrirlesturinn hefur verið hugsaður fyrir foreldra en í lagi að hugsa hann líka fyrir nemendur. Foreldraþorpið verður með erindi 20. mars um áhrif kláms og kynhegðun og

sjálfsmýnd unglunga. Fokk me, fokk you. Sigga Dögg að tala við unglunga og foreldra. Veip. Erla Ólafsdóttir ætlar að athuga hvað foreldrafélag Fossvogsskóla ætlar að vera með erindi um eða málþing.

- Kynfræðsla er í Réttarholtsskóla, Kolbrún kemur í 10. Bekk, klám, góð kynfræðsla. Hún kemur þrisvar og tekur stráka sér og stelpur sér. Hluti af lífsleikni.
- Horfum til þess að hafa erindið eftir páska svo það sé ekki nálægt foreldraþorpi eða páskabingói sem ráðgert er að halda fyrir páska. Allir að hugsa erindi og koma með hugmyndir. Neteinelti og netöryggi. Nýbúið að vera erindi um það.

Árshátíð í mars:

- Rosaleg aðsókn í að þjóna til borðs. Árshátíðin er 6. mars. Fyrst er stjórnin boðið að taka þátt í árshátíðinni og síðan öðrum foreldrum. Kíkja á framboðslistann sem bauð sig fram. Það var ein sem mætti og stjórnaði, Guðrún. Hún var fengin í fyrra.

Páskabingó:

- Dagsetning á páskabingó. Hafa bingóið fyrir páska.
- Ágústa og fleiri eru í nefndinni. Öflugt vinningasöfnun. Hafa einnig aukavinninga.
- Hugmynd: Útbúa lista af fyrirtækjum sem eru í grenndinni og skipta á milli að reyna að sækja vinninga?
- Einhverjir sem hafa verið áður og hafa reynslu.
- Hugmynd: Senda á foreldra; að við séum með páskabingó og ef þeir eru með sambönd eða starfa fyrir fyrirtæki sem gæti reddað vinningum?

Annað:

- Vantar að fá niðurstöður frá Rannsókn- og greiningastöð könnuninni, hvort að það sé á heimasíðu skólans eða að foreldrafélag fái kynningu.
- Viljum efla samstarf milli foreldra að þeir þekkist betur. Búa til skipulag þannig að maður nái auðveldlega til allra foreldra þar sem við erum ekki með bekkjarfulltrúa. Stjórnin ætlar að að mappa upp hvaða foreldrar koma úr hvaða bekkjum. Vantar að efla það að við þekkjumst innan bekkisins. Hafa foreldrahitting eða foreldra party. Spurning um leiðir til að búa til bekkjarsíður á facebook eða einhvern veginn reynt að þekkjast betur.
- Búið var til 8. Bekkjar/árgangssíða þar sem er auðvelt er að setja inn upplýsingar og spjall um margt.
- Viljum efla samstarf við nemendur: Fundur með nemendafélaginu: – horfa á hvað þeir vilja og hvað við viljum. Erfitt að ná fundi.
- Umræður um hvort það sé inni í myndinni að hafa símabann í frímínútur í Réttó? Nei en etv yrði reynt að prófa símalaus svæði og þar eru til dæmis púsl eða spil að það sé val. Að símar sé ekki bannaðir til að byrja með heldur símalaus svæði. Veður skiptir máli varðandi útiveru og hreyfingu. Krakkar eru almennt mjög mikið í símanum í frímínútunum. Það eru komin símahótel í allar stofur sem nemendur eiga að geyma í. Þetta er ekki einfalt mál og endalaus barátta að mati Jóhanns Gunnars.

- Spurning um viðbrögð ef upp koma slys hvort örugglega sé haft samband við foreldra áður en fjölmiðlar birta frétt? Jóhann svarar því játandi.
- Fundi slitið 18:00